

FELLSMÖRK

AÐALFUNDUR 4. júní 2019

Skýrsla stjórnar

Efnisyfirlit

Starfsemi stjórnar.....	1
Staða mála varðandi framtíð Fellsmerkur.....	1
Starfið á Fellsmörk.....	2
Fjöldi setinna landa	2
Vegamál.....	3
Girðingar	4
Varnargarðar.....	5
Plöntudagur	6
Vefsíða Fellsmerkur	6
Að lokum.....	6
Fundarboð aðalfundar.....	7
Félagatal	8

Starfsemi stjórnar

Stjórn félagsins sem er skipuð fulltrúum brauta, skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Ragnar Sigurðsson, fyrir Hlíðarbraut, formaður stjórnar

Guðrún S. Ólafsdóttir, fyrir Keldudal, gjaldkeri

Tryggvi Þórðarson, fyrir Krók, ritari

Valdimar Reynisson, fyrir Hólsbraut, meðstjórnandi

Einar Kristjánsson, fyrir Gilbraut, meðstjórnandi

Jóhanna Ólafsdóttir, fyrir Heiðarbraut, meðstjórnandi

Stjórnin var eingöngu skipuð 6 félögum þar sem enginn var tilnefndur fyrir hönd Dalbrautar.

Alls voru haldnir 4 stjórnarfundir á starfsárinu. Þess má geta að Hallur Björgvinsson sat alla fundina en hann er einn af landnemunum Fellsmerkur og á einnig sæti í Stjórn SR. Tryggði hann þar tengingu milli stjórna Fellsmerkur og SR.

Staða mála varðandi framtíð Fellsmerkur

Stjórnin tók við skömmu eftir að Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) hafi samið um kaup Fellsmerkurjarðanna af ríkinu og gerði ný stjórn ráð fyrir því að talsvert myndi gerast í málefnum Fellsmerkur á starfsárinu. Stjórnin kom því fljótlega saman eftir að hún var skipuð og var stjórnarfundur haldinn strax í júní 2018. Þar voru lögð drög að því að við í Félagi landnema myndum hafa frumkvæði að því að hafa samband við stjórn SR um að koma á samráðsvettvangi á milli okkar og stjórnar SR. Var tölvubréf þar að lútandi sent stjórn og framkvæmdastjóra SR í júnímánuði.

Í því tölvubréfi kom fram að við gerðum ráð fyrir að breyting á eignarhaldi Fellsmerkur leiði til jákvæðra breytinga fyrir Fellsmerkurverkefnið og myndi Félag landnema á Fellsmörk gjarnan vilja koma að vinnu um markmið og leiðir með Skógræktarfélagi Reykjavíkur sem fyrst. Meðal þátta sem við í félagi landnema töldum þar vera æskilegt að kæmust í góðan farveg er m.a.

- Fyrirkomulag landgræðsluskógaverkefnisins, en landnemar hafa áhuga á að halda áfram að planta í sameiginleg svæði á slíkum forsendum eins og hefur verið gert fram að þessu.
- Framtíðarfyrirkomulag, skipulag og verkaskipting vegna hugsanlegrar annarrar gróðursetningar á svæðinu m.a. með mögulegri nytjaskógaræktun og samningi Skógræktarfélagsins þar um við Skógræktina.
- Samræming samninga Skógræktarfélagsins við landnema sem verði þá hæfir til þinglýsingar en sumir landnemar hafa engan samning.
- Útleiga á landnemaspildum sem eru ósetnar en t.d. hafa nokkrir núverandi landnemar áhuga á að bæta við sig til frekari skógræktar ósetnum spildum, aðliggjandi að núverandi spildum.
- Aðrir þættir varðandi framtíðarskipulag svæðisins svo sem nýting til almennrar útivistar.

Til að vinna að ofangreindum málum og öðrum sem snerta framtíð Fellsmerkur töldum við æskilegt að það kæmist á einhvers konar samráðsvettvangur milli Félags landnema og Skógræktarfélagins. Lýstum við í stjórn Félags landnema yfir áhuga á því að hitta fulltrúa SR sem fyrst, til að koma á slíkum samráðsvettvangi.

Þessu bréfi var ekki svarað formlega en í símtölum við Helga Gíslason framkvæmdastjóra SR kom fram að stjórn SR hefði móttækið erindið og væri að ráða ráðum sínum. Vitum við að þar fór af stað vinnuhópur til að fara yfir málefni Fellsmerkur. Í nóvember tilkynntum við stjórn SR ákvörðun stjórnar Landnema á Fellsmörk að við hefðum tilnefnt tvo fulltrúa okkar til að taka þátt í samráðinu þ.e. Valdimar Reynisson og Einar Ragnar Sigurðsson.

Vitað er að vinnuhópur SR kom saman nokkrum sinnum og til að setja sig inn í málefni Fellsmerkur en ekki hefur enn orðið af sameiginlegum fundi með fulltrúum Fellsmerkur og SR. Tímaskortur virðist hafa verið hjá báðum aðilum en skv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra SR var þeim megin gert ráð fyrir að næst á dagskrá væri sameiginlegur fundur. Það hefði átt að vera í ársbyrjun en hefur ekki orðið enn. Það má því gera ráð fyrir að úr því sem komið er, fari frekari vinna við mótun framtíðar Fellsmerkur ekki af stað fyrir en næsta haust.

Hvort það sé endilega mjög slæmt að lítið hafi gerst er hér ekki tekin nein afstaða til. Gott hefði verið að mál væri komin lengra á leið en það er samt ekki hægt að sjá beinan skaða af því að formlegt vinna og samstarf milli Félags landnema og stjórnar SR bíði.

Starfið á Fellsmörk

Fjöldi setinna landa

Ef miðað er við okkar eigið félagatal eins og það er á heimasíðu félagsins fyrir aðalfundinn eru alls 32 lönd setin:

Heiðarbraut:	8
Gilbraut:	5
Hólsbraut:	4
Dalbraut:	1
Keldudalur:	4
Hlíðarbraut:	5
Krókur:	5

Þetta eru setin lönd en sumir nokkrir landnemar eru með tvö lönd. Fyrir hvert land geta svo nokkrir aðilar verið skráðir og í félaginu eru einnig fjölskyldurnar á Felli og í Álftagróf og landnemar sem eru ekki lengur með land. Þá seldi einn landnemi, Sigurlaug Guðmundsdóttir sína spildu með húsi á árinu og eru nýir landnemar boðnir velkomnir í félagið. Alls eru á lista fyrir þennan aðalfund 65 aðilar sem tengjast Fellsmörk.

Vegamál

Sumarið 2018 gerði talsverðar rigningar og varð vegurinn upp Gilbraut mjög illa úti þar sem lækur rann að hluta eftir veginum. Ekki tókst að laga veginn á meðan hann var rennandi blautur og varð ekkert úr neinum viðgerðum á honum það sumar. Núna þegar sumar er að hefjast er staða Gilbrautarinnar afar slæm og er hún ekki meira en sæmilega jeppafær. Samkvæmt upplýsingum SR verður ástand metið aðra helgi júnímánaðar og er gert ráð fyrir viðgerð þá eða í vikunni á eftir.

Vatn liggur einnig yfir veginum inn í Krók þó hann liggji ekki undir skemmdum á sama hátt og vegurinn upp Gilbrautina. Lagfæringar hafa verið í athugun en vegurinn er þokkalega fær ennþá þrátt fyrir vatnið.

Segja má að vegarslóðinn upp Hólsbraut hafi aldrei verið lagður þar sem hann liggur að mestu í grasi. Huga þarf að úrbótum á honum í sumar og ætti það að vera í samráði við landnema í Hólsbraut.

Þetta þrennt þarf að laga en það sem er brýnast er að koma Gilbrautinni í skikkanlegt horf.



Gilbraut. Staðan er slæm neðan til. Gróft efni, mól og mold. Lækur rennur eftir veginum í vætutið. Getur ekki með góðu móti talist fólksbilafær. Þetta er í talsverðum bratta.

© Einar Ragnar Sigurðsson 30. júní 2018 / eiras



Fellsmörk, Gilbraut líffær í maí 2019



Fellsmörk, Gilbraut líffær í maí 2019

© Einar Ragnar Sigurðsson 2019 / eiras

Vegaskemmdir í Gilbraut. Efsta myndin er tekin sumarið 2018 þegar vatn rann eftir gegnsósa veginum. Neðri myndirnar sýna ástandið í maí 2019.



Fellsmörk, vatn fæðir yfir veginn inni í Króki.



Hólsbraut. Brestur er fjarri skóti í grasi upp að landnemaspítlu 2 vág Hólsbraut.

Vatn á vegi inn í Krók og ólagður slóði í Hólsbraut

Í vatnavöxtum í nóvember 2018 kom skarð í veginn við brú á Holtsá þannig að hann varð með öllu ófær. Brugðist var hratt við og það lagað.



Skarð í veginum við Holtsá í nóvember 2018.

Girðingar

Talsvert var um sauðfé á austurhluta Fellsmerkur sumarið 2018 og virðist það vandamál hafa farið vaxandi ár frá ári. Ekki tókst almennilega að halda rafmagni á girðingunnu sumarið 2018 og í könnunarferð sem var farin síðustu helgina í maí var staða girðingarinnar döpur og lá hún niðri á löngum köflum. Starfsmaður SR hefur unnið að vigerðum síðan þá og á viðgerðum að mestu að vera lokið. Rafmagnstengingum hefur verið breytt og núna er gert ráð fyrir að rafmagn komi frá landnemunum í Fellsmörk, annars vegar frá Keldudal og hins vegar Króki. Áður kom rafmagn eingöngu frá Álftagróf sem gaf ekki nógu góða raun. Það sem útaf stendur er að klára tengivinnu og koma þá straum á girðinguna alla. Afar mikilvægt er að því verði lokið áður en fé verður hleypt á fjall.

Ekki er annað vitað en að girðingar á vesturhluta Fellsmerkur séu í þökkalegu lagi.



© Einar Ragnar Sigurðsson 2019 / eirasi.is

Fellsmörk, girðingar á austurhluta Fellsmerkur síðustu helgi maímánaðar 2019.



Fellsmörk, girðingar á austurhluta Fellsmerkur síðustu helgi maímánaðar 2019.



Fellsmörk, girðingar á austurhluta Fellsmerkur síðustu helgi maímánaðar 2019.

Lagfæringar á girðingum vorið 2019

Varnargarðar

Þrátt fyrir talsverða bleytutíð á köflum og vegaskemmdir þá er ekki vitað til þess að varnargarðar hafi látið mikið á sjá síðasta árið. Staða þeirra er því allgóð.

Plöntudagur



Frá plöntudegi 30. júní 2018

Efnt var til árlegrar sameiginlegrar gróðursetningar á frekar blautum degi 30. júní 2018. Haldið var áfram að gróðursetja sunnan í Fellinu. Gert er ráð fyrir sameiginlegri gróðursetningu 29. júní, núna í sumar.

Plöntunefndin sá um skipulagningu og framkvæmd og hana skipuðu:

Valdimar Reynisson, Hólsbraut.

Jóhanna Ólafsdóttir, Heiðarbraut.

Hallur Björgvinsson, Heiðarbraut.

Vefsíða Fellsmerkur

Stjórn félagsins hefur haldið úti heimasíðu. Á heimasíðunni er m.a. vettvangur fyrir stjórnina að koma upplýsingum til félagsmanna og einnig eftir því sem við á fyrir félagsmenn að koma upplýsingum sín á milli. efslóð heimasíðunnar er: fellsmork.is.

Einnig er nokkuð virk Facebook síða sem allir félagsmenn og aðrir áhugasamir um Fellsmörk geta fengið aðild að. Slóð Facebook síðunnar er: <https://www.facebook.com/groups/Fellsmork/>.

Að lokum

Það hefur hægt miðað síðasta árið og það er óskandi að á komandi ári verði stigin stærri skref í átt að framtíðarskipulagi Fellsmerkur. Þrátt fyrir að tímaleysi hafi talsvert einkennt síðasta árið þá gef ég sem formaður áfram kost á mér til formennsku í félaginu nema einhver annar brenni í skinninu við að taka við keflinu.

Einar Ragnar Sigurðsson
Formaður stjórnar
Félags landnema á Fellsmörk

Fundarboð aðalfundar

Félag landnema á Fellsmörk
www.fellsmork.is

Aðalfundarboð

21. maí 2019

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk verður haldinn
þriðjudaginn 4. júní 2019, kl. 20:00
í samkomusal Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga.
4. Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár.
5. Önnur mál.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verður fræðsluerindi og kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk

Félagatal

Lóð	Nafn landnema	Heimilisfang	pnr	Staður	Símanúmer	Netfang
Heiðarbraut 1 og 3	Björgvin Salómonsson	Fróðengi 9	112	Reykjavík	5681827; 8981827	bsal@simnet.is
Heiðarbraut 1 og 3	Hulda Hallsdóttir	Fróðengi 9	112	Reykjavík	5681827; 8544852	bsal@simnet.is
Heiðarbraut 1 og 3	Gunnar Kr. Björgvinsson					gunnar@skidasvaedi.is
Heiðarbraut 1 og 3	Hallur S. Björgvinsson					hallur@skogur.is
Heiðarbraut 1 og 3	Hilmar Björgvinsson					hilmarb66@gmail.com
Heiðarbraut 2	Þorvaldur S. Þorvaldsson	Hábæ 39	110	Reykjavík	5874185; 8964860	thvald@simnet.is
Heiðarbraut 2	Steinunn Jónsdóttir	Hábæ 39	110	Reykjavík	5874185	
Heiðarbraut 5	Haraldur Antonsson	Grenimel 27	107	Reykjavík	5523226; 8459444	karin.hartienstein@gmail.com
Heiðarbraut 5	Karin Alma Antonsson	Grenimel 27	107	Reykjavík	5523226; 8849496	karin.hartienstein@gmail.com
Heiðarbraut 6	Tryggvi Felixson	Reynihvammí 25	200	Kópavogur	5541470	tfe@norden.org
Heiðarbraut 6	Sigrún Kr. Magnúsdóttir	Reynihvammí 25	200	Kópavogur	5541470	
Heiðarbraut 6	Guðný Guðnadóttir	Ránarbraut 13	870	Vík	4871177; 8686519	gudny-i-vik@simnet.is
Heiðarbraut 7	Ann Peters					MissAnn1320@hotmail.com
Heiðarbraut 7	Davíð Geir Jónasson					Dabbigj@gmail.com
Heiðarbraut 9	Sigrún María Kristinsdóttir	Fremristekk 10	109	Reykjavík	6953469	sigrunkrist@gmail.com
Heiðarbraut 10	Bergrún Sigurðardóttir	Heiðmörk 25	810	Hveragerði	8640464	bergrunsig@gmail.com
Heiðarbraut 10	Jóhanna Ólafsdóttir	Heiðmörk 25	810	Hveragerði	6922240	johanna@skogur.is
Gilbraut 4	Brynja Jóhannsdóttir	Laugateig 39	105	Reykjavík	5536114; 8638748	brynkaj@simnet.is
Gilbraut 8	Áslaug B. Ólafsdóttir	Furulundi 10	210	Garðabær	5656122	aslaugbolafs@gmail.com
Gilbraut 9	Guðrún Guðmundsdóttir	Hlíðargerði 23	108	Reykjavík	5514792; 8994792; 8994796	EINARGUNNA@gmail.com
Gilbraut 9	Einar Kristjánsson	Hlíðargerði 23	108	Reykjavík	5514792; 8994792	EINARGUNNA@gmail.com
Gilbraut 12 og 14	Sveinn Baldursson	Blikahjalla 2	200	Kópavogur	5882820; 6635435; 6991248	sveinn.baldursson@gmail.com
Gilbraut 12 og 14	Ma Cheung	Blikahjalla 2	200	Kópavogur	5882820; 6635435; 6991248	changma98@hotmail.com
Hólsbraut 1	Jóhanna Guðmundsdóttir	Sunnubraut 36	200	Kópavogur	5541199; 8961199	logud@mi.is
Hólsbraut 2	Valdimar Reynisson	Hvammshlíð	311	Borgarnes	4371910; 8604924; 8478324	valdi@skogur.is
Hólsbraut 2	Þórný Hlynsdóttir	Hvammshlíð	311	Borgarnes	4371910; 8688843	thomyh@gmail.com
Hólsbraut 3	Kjartan Kárason	Grenimel 44	107	Reykjavík	5510526; 8999316	kjartank26@gmail.com
Hólsbraut 3	Laufey Eyjólfsdóttir	Grenimel 44	107	Reykjavík	5510526; 8990526	laufey.eyjofsd@gmail.com
Hólsbraut 4	Sveinn Einarsson	Tjarnargötu 26	101	Reykjavík	5514032	thorakr@simnet.is
Hólsbraut 4	Þóra Kristjánsdóttir	Tjarnargötu 26	101	Reykjavík	5514032; 8613155	thorakr@simnet.is
dalbraut 3	Jón Þór Högnason	Kambaseli 31	109	Reykjavík	5576902; 8572657	Er ekki með netfang
Keldudalur 1	Einar H. Ólafsson	Álfatröð 4	700	Egilsstaðir	4871327; 8535327	hjoli@simnet.is
Keldudalur 1	Anna M. Hjálmarsdóttir	Álfatröð 4	700	Egilsstaðir	4871327; 8535327	Er ekki með netfang
Keldudalur 1	Guðrún S. Ólafsdóttir	Hamravík 64	112	Reykjavík	8206535	gudrun.s.olafsdottir@landsbankinn.is
Keldudalur 1	Björn Ármann Ólafsson	Hléskógum 19	700	Egilsstaðir	4712221; 8553922	bao@simnet.is
Keldudalur 1	Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir	Nátthaga 18, Hólum í Hjaltadal	551	Sauðárkrókur	4313093; 8993093	sigurbjorg@holar.is
Keldudalur 1	Sigurborg Árný Ólafsdóttir	Upphæðum 5, Sólheimum í Grímsnesi	801	Selfoss	5871090; 6977790	sigurborg@solheimar.is
Keldudalur 1	Elín Tómasdóttir	Útgarði 7	700	Egilsstaðir	4871121; 8975921	Er ekki með netfang
Keldudalur 2 og 3	Auðunn Oddsson	Erluhrauni 15	220	Hafnarfjörður	5551520; 8531988	Er ekki með netfang
Keldudalur 2 og 3	Helga Tómasdóttir	Erluhrauni 15	220	Hafnarfjörður	5551520; 8531988	Er ekki með netfang
Keldudalur 4	Þorsteinn Kristinsson	Efri-Vík	880	Skaftárhreppi	4874910; 8977944	thorstr@ismennt.is

Lóð	Nafn landnema	Heimilisfang	pnr	Staður	Símanúmer	Netfang
Hlíðarbraut 1	Magnús Skarphéðinsson	Után félags				
Hlíðarbraut 2	Kristinn Guðmundsson	Hörgshlíð 22	105	Reykjavík	5514673; 6979739	kguson@gmail.com
Hlíðarbraut 2	Krístín Axelsdóttir	Hörgshlíð 22	105	Reykjavík	5514673; 867 7736	krax@hglagmuli.is
Hlíðarbraut 3	Hrefna Einarsdóttir	Urðarstekk 8	109	Reykjavík	5574714; 8462183	hrefnae@gmail.com
Hlíðarbraut 4	Einar Ragnar Sigurðsson	Hæðargarði 34	108	Reykjavík	5678988; 8998803	eragnarsig@gmail.com
Hlíðarbraut 4	Gunnar Sigurðsson	Álfheimum 42	104	Reykjavík	5811404; 8639972	gs@vedur.is
Hlíðarbraut 4	Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir	Fagrahjalla 56	200	Kópavogur	5640344; 8477406	ragnhildur@verslo.is
Hlíðarbraut 6	Albrecht Ehmann	Löngumýri 37	210	Garðabær	5657409; 8487411	albrecht@vortex.is
Hlíðarbraut 6	Birgitta María Braun	Álalækur 16, 101	801	Selfoss	8694679	birgitb@mi.is
Krókur 5	Magnús Jóhannesson	Hellisgötu 5B	220	Hafnarfjörður	5550367; 8479276	magnus@skr.is
Krókur 5	Guðríður Guðmundsdóttir	Hellisgötu 5B	220	Hafnarfjörður	5550367; 8694323	
Krókur 6	Trygvi Þórðarson	Melgerði 6	200	Kópavogur	5642835; 8645262	trygg@hive.is
Krókur 6	Helga Ingibjörg Guðmundsdóttir	Melgerði 6	200	Kópavogur	5642835; 8688558	
Krókur 8 og 10	Júlía Andersen	Laugateig 16	105	Reykjavík	5536753; 8560303	julia@ask.is
Krókur 8 og 10	Hjalti Eliásson	Laugateig 16	105	Reykjavík	5536753; 8926653	hjaltie@mi.is
Krókur 11	Sigurgeir M. Jensson	Hátúni 2	870	Vík	4871178; 8936547	sigurgeir@hsu.is
Krókur 11	Helga Þorbergsdóttir	Hátúni 2	870	Vík	4871178; 8936547	
Krókur 11	Magnea Magnúsdóttir	Sóltúni 25	800	Selfoss+	4824850; 8941228	magnea@arborg.is
Krókur 11	Hafsteinn Jóhannesson	Sóltúni 25	800	Selfoss	4824850; 8941228	
Hollvinur	Haraldur Þór Ólason	Sævangi 52	220	Hafnarfjörður	5553338; 8924316	haraldur@fura.is
Hollvinur	Hildur Bernhöft	Hvassaleiti 38	103	Reykjavík	5535029; 8942611	hbernhoft@simnet.is
Hollvinur	Þórarinn Sveinsson	Hvassaleiti 38	103	Reykjavík	5535029; 8942611	thoresv@landspitali.is
Hollvinur	Nikulás Fr. Magnússon	Baughús 7	112	Reykjavík	5676792; 8956875	nikulas@talnet.is
Hollvinur	Sigurlaug Guðmundsdóttir	Hamraborg 18	200	Kópavogur	4341248; 6921248	silla_gud@yahoo.com